

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík 6. desember 2016
UST201611-125/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Mýrdalshreppur, tillaga að breytingu á aðalskipulagi í landi Þórisholts

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 16. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 í landi Þórisholts.


Skipulagssvæði


Í lýsingu kemur fram að áætlað er að afmarka verslunar- og þjónustusvæði á jörðinni Þórisholti alls þrjú hektara. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir allt að 60 gistirýmum.

Á jörðinni Þórisholti eru þegar fjöldi bygginga og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að ný bygging ætluð fyrir gistingu falli vel að öðrum byggingum á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur